Samtök fjármálafyrirtækja

Samráðsgátt
Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Mál nr. 227/2022

Reykjavík, 6. desember 2022

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytinga á lögum um endurskoðendur og endurskoðun og lögum um ársreikninga (endurskoðunarnefndir, siðareglur endurskoðenda o.fl.)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi um breytingar á ýmsu sem varðar endurskoðun og ársreikninga sem birtist í samráðsgátt þann 22. nóvember síðastliðinn. SFF þakka ráðuneytinu fyrir að fá aðkomu að málinu á fyrri stigum en vilja koma á framfæri nokkrum athugasemdum sem eru eftirfarandi:

Breyting á lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019.

4. gr. *„Við 34. gr. laganna bætist við ný málsgrein sem orðast svo: Endurskoðendaráði er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að nefndin geti sinnt skyldum sínum. „*

Þarna á væntanlega að vera „til þess að ráðið geti sinnt skyldum sínum“.

Breyting á lögum um ársreikninga nr. 3/2006

11. gr. frumvarpsins gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á 108. gr. a:

„a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi. Formaður nefndarinnar skal vera óháður einingunni og skipaður af nefndarmönnum.“

Í greinargerð um 11. grein frumvarpsins er vísað til 39. gr. tilskipunar 2006/43 eins og henni var breytt með tilskipun 2014/56. Í 3. mgr. 1. tl. 39. greinar segir m.a. eftirfarandi:

„…….Formaður endurskoðunarnefndarinnar skal vera skipaður af nefndarmönnum eða eftirlitsstjórn endurskoðuðu einingarinnar…….“

Að mati SFF væri því réttara að félög hafi val um hvernig formaður sé skipaður þ.e. annað hvort af nefndarmönnum eða stjórn og því sé bætt við a. lið 11. greinar frumvarpsins:

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

„a. Við 2. mgr. bætist nýr málsliður sem orðast svo: Sé nefndarmaður utanaðkomandi aðili skal hann tilnefndur af aðalfundi. Formaður nefndarinnar skal vera óháður einingunni og skipaður af nefndarmönnum ***eða stjórn félagsins.“***

13. gr. frumvarpsins gerir eftirfarandi tillögu að viðbótum við 108. grein

„a. Ný 108. gr. e:
Þrátt fyrir 1. mgr. 108. gr. a er ekki gerð krafa um að dótturfélag þar sem móðurfélag þess er eigandi100% hlutafjár dótturfélags þurfi að vera með endurskoðunarnefnd ef móðurfélagið uppfyllir kröfur um endurskoðunarnefnd á samstæðustigi.“

Í greinargerð um a. lið segir: *„Hvað varðar breytinguna sem lögð er til í a-lið 12. gr. þá er í tilskipun (ESB) 2014/56 kveðið á um aðildarríkjum sé heimilt að veita einingu tengdri almannahagsmunum sem er dótturfélag undanþágu frá því að starfrækja endurskoðunarnefnd ef móðurfélag þess uppfyllir kröfurnar um endurskoðunarnefnd á samstæðustigi. Ráðuneytinu bárust ábendingar um að t.d. Noregur hefði tekið inn þetta heimildarákvæði inn í lögin hjá sér og eftir samráð við haghafa var ákveðið að leggja til að umrætt heimildarákvæði væri tekið inn í lögin. Óskað var eftir því frá haghöfum að Ísland nýtti sér þá heimild í samræmi við löndin í kringum okkur. Talið er rétt að takmarka heimildina við dótturfélög þegar þau eru að fullu í eigu móðurfélags en í slíkum tilvikum er hægt að gera þá kröfu að endurskoðunarnefnd móðurfélags sinni þeim verkefnum sem henni ber en á samstæðustigi. Sambærilegt ákvæði er að finna í norsku hlutafélagalöggjöfinni.“*

Að mati SFF er hér um afar jákvæða breytingu að ræða en telja vert að skoða hvort þörf sé á því að gera kröfu um að móðurfélag eigi 100% hlutafjár. Til greina komi að taka upp undanþáguheimild tilskipunarinnar í heild.[1]

„b. Ný 108. gr.

[1] 3. By way of derogation from paragraph 1, Member States may decide that the following public-interest entities are not required to have an audit committee: (a) any public-interest entity which is a subsidiary undertaking within the meaning of point 10 of Article 2 of Directive 2013/34/EU if that entity fulfils the requirements set out in paragraphs 1, 2 and 5 of this Article, Article 11(1), Article 11(2) and Article 16(5) of Regulation (EU) No 537/2014 at group level; (b) any public-interest entity which is an UCITS as defined in Article 1(2) of Directive 2009/65/EC of the European Parliament and of the Council (**) or an alternative investment fund (AIF) as defined in Article 4(1)(a) of Directive 2011/61/EU of the European Parliament and of the Council (***); (c) any public-interest entity the sole business of which is to act as an issuer of asset backed securities as defined in point 5 of Article 2 of Commission Regulation (EC) No 809/2004 (****); (d) any credit institution within the meaning of point 1 of Article 3(1) of Directive 2013/36/EU whose shares are not admitted to trading on a regulated market of any Member State within the meaning of point 14 of Article 4(1) of Directive 2004/39/EC and which has, in a continuous or repeated manner, issued only debt securities admitted to trading in a regulated market, provided that the total nominal amount of all such debt securities remains below EUR 100 000 000 and that it has not published a prospectus under Directive 2003/71/EC. The public-interest entities referred to in point (c) shall explain to the public the reasons why they consider that it is not appropriate for them to have either an audit committee or an administrative or supervisory body entrusted to carry out the functions of an audit committee.

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00

f: Endurskoðendaráð skal meta frammistöðu endurskoðunarnefnda“

í greinargerð um b. lið 13. greinar segir:

„Í b-lið 12. gr. frumvarpsins er lagt til að kveðið verði á um eftirlit endurskoðendaráðs með frammistöðu endurskoðunarnefnda. Í 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 537/2014 er kveðið á um eftirlit með markaðsgæðum og samkeppni en þar er eftirlitsaðilum í aðildarríkjunum og Evrópska samkeppnisnetinu eftir atvikum falið að vakta reglulega þróun á markaði varðandi veitingu þjónustu á sviði lögboðinnar endurskoðunar til handa einingum sem tengjast almannahagsmunum. Í ákvæðinu eru talin upp í stafaliðum a-d þau atriði sem eftirlitsaðilar skulu einkum meta og er frammistaða endurskoðunarnefnda talin þar upp í c-lið. Framangreint eftirlit er talið nauðsynlegt til að fylgjast með þróun á markaði fyrir að veita einingum sem tengjast almannahagsmunum lögboðna endurskoðun.“

Að mati SFF skortir nánari efnislegar skýringar á því hvernig endurskoðunarráð eigi að haga eftirliti með endurskoðunarnefndum m.a. út frá skörun við eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands þegar um er að ræða eftirlitsskylda aðila svo sem aðildarfélög samtakanna.

Virðingarfyllst,

F. h. Samtaka fjármálafyrirtækja,

_____

Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

Samtök Fjármálafyrirtækja

Borgartúni 35, 105 Reykjavík

(+354) 591 04 00